Nr. 13.
28.
ágúst.

# Lög

um

## stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Svæði það, sem reisa má á verzlunarhús í Reykjavík, skal stækka þannig, að austurtakmörk sjeu merkjaskurður og garður austan við Rauðarármýri (Fjelagstún) frá sjó upp að Laugavegi, suðurtakmörk lína frá enda nefnds garðs við Laugaveg í suðurhorn Grænuborgartúns, og þaðan lína með suðurjaðri Sauðagerðistúns vestur í Kaplaskjólsveg, og vesturtakmörkin lína þaðan í enda Framnessvegar við Grandabót.

Merkjasteinar skulu settir fyrir verzlunarlóðinni.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. ágúst 1903.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

## Udvidelse af den til Handelsanlæg bestemte Grund i Reykjavik.

Nr. 13.
28de
August.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

Det Omraade, paa hvilket der i Reykjavik maa opføres Bygninger til Handelsbrug, udvides saaledes, at den østlige Grænse bliver en Mærkegrøft og et Gærde østen for Raudarármyri (Fjelagstun) fra Søen op til Laugavej, den sydlige Grænse, en Linie fra Enden af det nævnte Gærde ved Laugavej til det sydlige Hjørne af Grænuborgartun og en Linie derfra langs Sydkanten af Saudagerdistun mod Vest til Kaplaskjolsvej, og den vestlige Grænse en Linie derfra til Enden af Framnesvej ved Grandabot.

Handelsgrunden skal afmærkes ved Markeskælssten.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 28de August 1903.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

---

**Ministeriet for Island, den 28de August 1903.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*